



Borgarráð

Reykjavík, 3. september 2024

MSS24080112

Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkur

Uppfærð viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, dags. 28. ágúst 2024, er lögð fram til kynningar. Áætlunin fjallar almennt um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða hjá Reykjavíkurborg við hvaða áfalli, hættu- og neyðarástandi sem upp getur komið, hvort sem það er skilgreint sem formlegt almannavarnaástand eða ekki.

Áætlunin er aðgengileg starfsfólki Reykjavíkurborgar á innri vef borgarinnar og gert er grein fyrir hlutverki og tilgangi neyðarstjórnar á ytri vef.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt: Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkur ásamt fylgiskjöllum, útgáfa 1.3, dags. 28. ágúst 2024.



Reykjavík

Neyðarstjórn

Reykjavíkurborgar

Viðbragðsáætlun

Útgáfa 1.3

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

28. ágúst 2024



1.	INNGANGUR	3
2.	STAÐHÆTTIR OG HÆTTUMAT	5
3.	SKILGREININGAR	7
4.	VIRKJUN, BOÐUN OG AFBOÐUN	10
5.	STJÓRNKERFI	11
6.	STARFSAÐSTAÐA OG SKIPULAG	14
7.	STARFSEMI REYKJAVÍKURBORGAR, SAMFÉLAGSLEGA MIKILVÆG STARFSEMI	17
	FAGSVIÐ	18
	<i>Skóla- og frístundasvið</i>	18
	<i>Velferðarsvið</i>	20
	<i>Umhverfis- og skipulagssvið</i>	22
	<i>Menningar- og íþróttasvið</i>	24
	KJARNASVIÐ	26
	<i>Fjármála- og áhættustýringarsvið</i>	26
	<i>Þjónustu- og nýsköpunarsvið</i>	27
	<i>Mannauðs- og starfsumhverfissvið</i>	28
	MIÐLÆG STJÓRNSÝSLA	29
8.	VERKEFNI NEYÐARSTJÓRNAR	30
9.	SAMSKIPTALEIÐIR OG FJARSKIPTI	31
10.	DREIFINGARLISTI	33
11.	BREYTINGASAGA	34
12.	FYLGISKJÖL	35

1. Inngangur

Viðbragðsáætlun þessi fjallar um neyðarstjórn Reykjavíkurborgar sem skipuð er með erindisbréfi. Áætlunin er unnin í samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og almannavarnir á höfuðborgarsvæðinu.

Auk þess að vera viðbragðsáætlun á almannavarnatímum, það er þegar búið er að lýsa yfir almannavarastigi, er áætlunin einnig virkjuð við þau tilfelli sem falla undir daglegt viðbragð á hefðbundnum tímum ef þess gerist þörf.

Til að undirbúa sveitarstjórnir sem best fyrir hlutverk sitt í almannavarnakerfinu hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skipað neyðarstjórn í hverju sveitarfélagi. Er það ekki síst til að tryggja að ákvörðunarvald og stjórnun liggi áfram hjá sveitarfélaginu þrátt fyrir að búið sé að lýsa yfir almannavarnarástandi.

Með því er forgangsöröðun, samhæfing og samræming innan sveitarfélagsins tryggð, með hagsmuni íbúanna allra að leiðarljósi. Tæknilegra, hraðara og flóknara samfélag, auknar kröfur um tryggt og öruggt samfélag, aukið og samhæft upplýsingaflæði og skjót og örugg viðbrögð við ýmis konar áföllum og neyðarástandi snúa að ýmsum grunnstoðum samfélagsins. Reynslan sýnir að sveitarfélög gegna þar mikilvægu hlutverki, ásamt stofnunum og þjónustuaðilum á þeirra vegum, enda oft um samfélagslega mikilvæga þjónustu að ræða.

Áætlunin byggir á fyrri viðbragðsáætlunum, s.s. varðandi heimsfaraldur influensu frá árinu 2009. Þessi áætlun tekur hinsvegar ekki á sérstökum atburði, heldur fjallar almennt um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða hjá Reykjavíkurborg við hvaða áfalli, hættu- og neyðarástandi sem upp getur komið, hvort sem það er skilgreint sem formlegt almannavarnaástand eða ekki.

Til að tryggja sem best samfelldan rekstur (órofna starfsemi) Reykjavíkurborgar þarf að liggja fyrir á hverjum tíma skilgreining á því hvað telst samfélagslega mikilvæg þjónusta og hvernig hana á að tryggja sem best. Þannig þurfa fagsvið, kjarnasvið og miðlæg stjórnsýsla ásamt þeim starfseiningum sem þeim tilheyra að gera sínar eigin áætlanir. Í þeim þarf að koma fram til hvaða ráðstafana og viðbragða er áætlað að grípa vegna áfalla og neyðarástands. Þar þarf að koma fram forgangsöröðun verkefna með tilliti til samfélagslega mikilvægrar þjónustu.

Áætlunin er unnin í samræmi við stigskiptingu og tilmæli almannavarna. Við gerð áætlunarinnar er m.a. stuðst við sveitarstjórnarlög¹, lög um almannavarnir nr. 82/2008², lög um sóttvarnir nr. 19/1997³ og reglugerð um flokkun almannavarnastiga nr. 650/2009⁴. Kaflaskipting og almenn uppbygging áætlunarinnar byggir á áætlunum almannavarna.

Ábyrgð á áætlun þessari ber borgarstjóri. Áætlunin er lögð fyrir framkvæmdastjóra almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og borgarstjóra til samþykkis og undirritunar. Áætlunin er lögð fyrir borgarráð til kynningar.

Þegar vísað er í ákveðin starfsheiti í áætluninni þá felur það í sér að átt er við viðkomandi starfsheiti eða staðgengil viðkomandi starfsheitis. Þegar um er að ræða borgarstjóra er átt við formann neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar. Þegar um er að ræða slökkviliðsstjóra er átt við framkvæmdastjóra almannavarna á höfuðborgarsvæðinu.

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011138.html>

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997019.html>


⁴ <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/650-2009>

Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og getur borgarstjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti en yfirfarin árlega, t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan Reykjavíkurborgar. Þar að auki skal borgarstjórn yfirfara áætlunina við upphaf nýs kjörtímabils.

Áætlunin skal vera aðgengileg starfsfólki Reykjavíkurborgar á innri vef borgarinnar og gera grein fyrir hlutverki og tilgangi neyðarstjórnar á ytri vef.

Reykjavík 28.08.2024



Borgarstjóri



Framkvæmdastjóri AHS


2. Staðhættir og hættumat

Sveitarfélögin

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru sex talsins, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Þau standa að sameiginlegu slökkviliði, lögreglu og sameiginlegri almannavarnanefnd. Áætlun þessi byggir á þeirri samvinnu og er gerð á grundvelli samþykktu almannavarnanefndarinnar.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Ferkílómetrar
Reykjavík	136.894	246 km ²
Kópavogur	39.335	113 km ²
Hafnarfjörður	30.616	130 km ²
Garðabær	19.088	46 km ²
Seltjarnarnes	4.572	2,9 km ²
Mosfellsbær	13.403	188 km ²

Tafla 1. Sveitarfélögin, stærð og íbúafjöldi 1. janúar 2024 samkvæmt Hagstofu Íslands.



Mynd 1. Kort af höfuðborgarsvæðinu

Hættumat

Samkvæmt lögum um almannavarnir skulu almannavarnanefndir vinna að gerð hættumats í umdæmum sínum ásamt því að meta áfallapol.

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins hefur fjórum sinnum látið gera áhættugreiningu á höfuðborgarsvæðinu frá því að hún var stofnuð:

- 2002 Áhættugreining fyrir höfuðborgarsvæðið, skýrsla um undirbúning áhættumats.
- 2005 Sviðsmyndagreining.
- 2011 Áhættumat fyrir höfuðborgarsvæðið. Áhættumat fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig ásamt heildaráhættumati.
- 2014 Hættumat fyrir höfuðborgarsvæðið.

Stefnt er á að endurskoða hættumat frá 2014 á þessu kjörtímabili.

3. Skilgreiningar

Í þessum kafla er farið yfir reglur sem lagðar eru til grundvallar almannavarnaskipulaginu og almannavarnastigs. Lögð er áhersla á að almannavarnaástandi þarf ekki að hafa verið formlega lýst yfir til að áætlun þessi sé virkjuð. Í lok kaflans eru almennar skilgreiningar og skammstafanir.

Grundvallarreglur almannavarna

Í greinargerð með frumvarpi með almannavarnalögum var lögð áhersla á að við útfærslu á almannavarnaskipulagi verði eftirfarandi reglur lagðar til grundvallar.

Sviðsábyrgðarreglan	Sá aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins, tiltekins svæðis eða umdæmis skal skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að höndum.
Grenndarreglan	Staðbundin stjórnvöld undirbúa fyrirbyggjandi ráðstafanir og viðbragðsáætlanir.
Samkvæmnisreglan	Á hættutímum sér yfirvald eða stofnun um björgunarstörf á verksviði sínu.
Samræmingarreglan	Allir viðbragðsaðilar samhæfa störf sín við undirbúning á aðgerðum vegna hættuástands þannig að búnaður og mannaflí sé nýttur á árangursríkan hátt.

Tafla 2. Grundvallarreglur almannavarna

Þessar grundvallarreglur eru reglur sem sveitarfélögin ætla einnig að leggja til grundvallar við sitt stjórnskipulag við áföll og neyðarástand. Stuðst er við þessar reglur í öllu starfi neyðarstjórna, og því mikilvægt fyrir fulltrúa í neyðarstjórn að þekkja til þessara reglna og vera meðvituð um þær.

Almannavarnastig og umfang aðgerða

Viðbragðsaðilar hafa komið sér saman um þrjú almannavarnastig og fjóra liti sem tákna umfang allra neyðaraðgerða. Almannavarnastigin og umfangið koma fram í reglugerð um flokkun almannavarnastiga nr. 650/2009.

Almannavarnastig skilgreina alvarleika og umfang þeirrar hættu sem steðjar að. Þau eru þrjú, **óvissustig**, **hættustig** og **neyðarstig**. Umfang viðbragða, þ.e. fjöldi þeirra eininga sem virkjaðar eru í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga, er svo skilgreint nánar á hverju almannavarnastigi með fjórum litum, grænum, gulum, rauðum og svörtum, sjá mynd 2.

Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það dómsmálaráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.

Stig alvarleika eru óvissustig, hættustig og neyðarstig.

Í uppfræðum lögum frá 2022 bættist við skilgreining um Hættustund. En hættustund samkvæmt lögum hefst þegar hættustigi eða neyðarstigi almannavarna er lýst yfir og lýkur þegar hættustigi eða neyðarstigi er aflýst.

Um óvissustig er að ræða:

- Þegar afla þarf upplýsinga um fólk sem óvissa ríkir um.


- Þegar skip, loftfar eða fólk hafa ekki komið fram á ákvörðunarstað eða ekkert heyrst frá þeim í tiltekinn tíma.
- Þar sem óvissa ríkir um öryggi skips eða loftfars og þeirra sem í því eru.
- Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.
- Þegar sóttvarnaryfirvöld meta þörf á að hefja undirbúning að viðbúnaði vegna farsóttar samkvæmt ráðleggingum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

Um hættustig er að ræða:

- Þegar hefja þarf eftirgrennslan eftir fólki sem óttast er um.
- Þegar tilraunir til að ná sambandi við skip, loftfar eða fólk hafa ekki borið árangur.
- Þegar upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að sjóhæfni skips sé takmörkuð, flughæfni loftfars skert og fólk í vanda statt, þó ekki svo alvarlegar að líkur séu á neyðarástandi.
- Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða.
- Ef auka þarf viðbúnað og sóttvarnarráðstafanir vegna yfirvofandi farsóttar.

Um neyðarstig er að ræða:

- Þegar viðhafa þarf tafarlaus viðbrögð vegna fólks sem óttast er um.
- Þegar ítrekaðar tilraunir til að hafa samband við skip, loftfar eða fólk hafa reynt árangurslausar og óttast er að viðkomandi sé í neyð.
- Þegar staðfestar upplýsingar hafa borist um að skip, loftfar eða fólk séu í neyð eða yfirvofandi hættu og þarfnist tafarlausrar aðstoðar.
- Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi fólks er ógnað svo sem vegna farsóttar.



Mynd 2. Umfang aðgerða, þörf á samstarfi og samhæfingu

Grænt - dagleg verkefni

Slysi eða atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum þar sem dagleg skipan mála á viðbúnaði er nægjanleg til þess að eiga við verkefnið.

Gult - stærri og flóknari aðgerðir

Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu.

Rautt - stórslys og hamfarir

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannavarna.

Svart - þjóðarvá

Þjóðarvá; hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

3.1 Skammstafanir og orðskýringar

Hér að neðan eru helstu skammstafanir sem notaðar eru í almannavarnaáætlunum.

AST	Aðgerðastjórn
AVD	Almannavarnadeild
AHS	Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
LL	Landlæknisembættið
LRH	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
RLS	Ríkislögreglustjóri
RÚV	Ríkisútvarpið
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, meginverkpættir verkþáttaskipurits viðbragðsaðila
SHS	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
VST	Vettvangsstjórn
AST	Aðgerðastjórn
NST	Neyðarstjórn
NL	Neyðarlínan 112
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
SL	Slysavarnarfélagið Landsbjörg

Tafla 3. Skammstafanir og orðskýringar

4. Virkjun, boðun og afboðun

Virkjun

Áætlun þessi byggir á því að neyðarstjórn Reykjavíkurborgar sé kölluð saman við yfirvofandi vá, slys eða annan atburð sem hefur áhrif á sveitarfélagið, stofnanir og þjónustu þess og/eða íbúana. Þeir sem hafa heimild til að virkja neyðarstjórn Reykjavíkurborgar eru:

- Borgarstjóri (í forföllum staðgengill hans).
- Starfsmaður neyðarstjórnar.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, slökkviliðsstjóri.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjóri.
- Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins, aðgerðastjóri.

Borgarstjóri (í forföllum staðgenglar hans) bera ábyrgð á að boða og/eða upplýsa borgarstjórn og/eða aðra stjórnendur Reykjavíkurborgar sem þeir telja að þurfi að koma að eða vera upplýstir um virkjun neyðarstjórnarinnar, stöðu mála og helstu verkefni. Neyðarstjórn kallar til sín þá sem hún telur að þurfi að koma að aðgerðum.

Boðun og boðunarlistar

Boðun neyðarstjórna sveitarfélaganna fer fram í gegnum boðunarkerfi Neyðarlínunnar, Bjargir, 112. Vakthafandi stoðdeildarmaður SHS (innri stjórnandi) eða slökkviliðsstjóri getur haft milligöngu um boðunina en hann skal ávallt vera upplýstur um hana og ber ábyrgð á því að upplýsa og fylgja eftir boðuninni hverju sinni. Ósk um virkjun neyðarstjórnar berst til Neyðarlínu, 112. Komi beiðni frá öðrum en stoðdeildarmanni SHS þarf Neyðarlínan að staðfesta beiðnina við stoðdeildarmann SHS og upplýsa slökkviliðsstjóra. SHS heldur utan um skrár neyðarstjórnanna í Björgum. Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á því að tilkynna til SHS um breytingar sem hafa áhrif á boðun neyðarstjórnar sveitarfélagsins. Sé þetta ekki gert jafnóðum er mikilvægt að yfirferð eigi sér stað að minnsta kosti árlega, þegar nöfn og símanúmer annarra eru uppfærð. Gert er ráð fyrir að starfsmaður neyðarstjórnar hafi það hlutverk og sé tengiliður við deildarstjóra AHS vegna þessa.

Upplýsingaflæði

Þegar neyðarstjórn er virkjuð ber hún ábyrgð á að upplýsa viðeigandi aðila um stöðu mála og aðgerðir innan Reykjavíkurborgar og tryggir stöðugt upplýsingaflæði, eftir því sem atburðarás vindur fram.

Stjórnendur sviða og starfseininga upplýsa starfsmenn og þá er málið varðar eftir ákvörðun neyðarstjórnar. Stjórnendur og millistjórnendur starfa með óbreyttum hætti samkvæmt starfslýsingum nema viðbragðsáætlun þeirra og/eða fyrirmæli frá neyðarstjórn kveði á um annað.

Upplýsingar um að neyðarstjórn sé orðin starfshæf skal tilkynna til aðgerðastjórnar í gegnum slökkviliðsstjóra sem upplýsir þá viðbragðsaðila sem koma að málinu, s.s. lögreglu.


Afboðun

Um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni skal upplýsa stjórnendur um breytt viðbragð. Stjórnendur sjá um að tilkynna sínu starfsfólki um breytingarnar. Sé neyðarstjórn afboðuð eða ákveðið að hætta störfum verður hún að tilkynna það til aðgerðastjórnar í gegnum slökkviliðsstjóra, ásamt því að tilkynna það til þeirra stjórnenda og starfseininga Reykjavíkurborgar sem hafa verið virkjaðar og/eða upplýstar.

5. Stjórnkerfi

Sveitarfélög byggja daglegt starf sitt á ákveðnu stjórnskipulagi og ættu að leitast við að það stjórnkerfi haldi sér eins og hægt er við áföll og/eða neyðarástand. Það er í samræmi við grunnreglurnar fjórar; sviðsábyrgðar-, grenndar-, samkvæmnis- og samræmingarreglurnar sem farið er yfir í kafla 3.

Við áföll og neyðarástand getur bæði innra og ytra umhverfi sveitarfélaganna breyst. Með innra umhverfi er átt við að sveitarfélagið gæti þurft að leggja áherslu á þjónustu sem snýr að öryggi og heilbrigði íbúanna. Þannig gæti þurft að forgangsraða verkefnum til að verja grunnstoðir í þjónustu sveitarfélagsins til að viðhalda og tryggja samfélagslega mikilvæga þjónustu. Með ytra umhverfi er átt við að stjórnkerfið almennt getur tekið breytingum, s.s. ef almannavarnaástandi er lýst yfir og ýmsir aðilar komið að ákvarðanatöku og verkefnum sem hafa áhrif og/eða snerta starfsemi sveitarfélagsins.



Mynd 3. Umfang aðgerða, þörf á samstarfi og samhæfingu

Í grófum dráttum má skipta stjórnkerfinu við áföll í tvennt eftir því hvort lýst hefur verið yfir almannavarnaástandi eða ekki. Héðan í frá verður fjallað um það á tvennan hátt:

- Áfall eða neyðarástand sem flokkast undir „daglegt ástand“.
- Áfall eða neyðarástand sem flokkast sem „almannavarnaástand“.

Nánar um þetta má sjá í kaflanum um almannavarnastig í kafla 3.

Rétt er að taka fram að innra umhverfi sveitarfélaganna ætti ekki að breytast hvort sem um er að ræða daglegt ástand eða almannavarnaástand, að öðru leyti en því að áfallið eða ástandið sem verið er að takast á við er stærra í sniðum en venjulega. Ytra umhverfið breytist hins vegar töluvert þar sem stjórnun við almannavarnaástand fer eftir almannavarnalögum.

Daglegt ástand, dagleg verkefni – grænt ástand


Ýmis áföll geta átt sér stað sem ekki eru þess eðlis að lýsa þurfi yfir almannavarnaástandi. Afl viðbragðsaðila og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gott og hefur töluverða burði til þess að takast á við dagleg verkefni sem falla undir grænt ástand.

Hver og einn aðili, m.a. sveitarfélögin, eru að vinna að sínum málum og samræming og samhæfing á sér stað með ákveðnu upplýsingaflæði milli aðila. Þarna getur verið um að ræða veikindi, óveður, bruna, eiturefnaslys, óbein áhrif af jarðhræringum s.s. gasmengun o.fl.

Í flestum tilfellum hefur atburðurinn minniháttar áhrif á skipulag sveitarfélagsins og ekki endilega nauðsynlegt að kalla neyðarstjórn saman en vegna slíkra atburða er samt sem áður mikilvægt að upplýsa neyðarstjórnina ef hægt er.

Flóknara ástand, flóknari verkefni – gult ástand

Flóknara ástand sem merkt hefur verið með gulum lit kallar á meiri samhæfingu og samstarf aðila. Hver og einn er áfram ábyrgur fyrir sinni þjónustu og sínum verkefnum en meiri þörf er á samskiptum og upplýsingaflæði er tíðara. Kölluð er saman aðgerðastjórn til að tryggja samhæfingu og samræmingu aðila. Samræmt fjarskiptakerfi er lykilatriði til að ná árangri. Hér er neyðarstjórn upplýst eftir þörfum og ef atvikið tengist sveitarfélögunum þá er þörf á virkjun að minnsta kosti ákveðinna aðila í neyðarstjórn.




Mynd 4. Viðbragðsaðilar á höfuðborgarsvæðinu – gult ástand

Við flóknara ástand getur ríkislögreglustjóri í samstarfi við lögreglustjóra þess umdæmis sem umræðir tekið ákvörðun um að lýsa yfir almannavarnaástandi ef áfallið og/eða neyðarástandið er á mörkum þess að daglegur viðbúnaður ráði við verkefnið.

Almannavarnaástand, stórslys og hamfarir – rautt ástand

Sé lýst yfir almannavarnaástandi skv. lögum um almannavarnir breytist ytra umhverfið og stjórn-skipulagið nokkuð. Aðgerðastjórn er kölluð saman og lögreglustjóri skipar aðgerðastjóra. Neyðar-stjórn sveitarfélagsins er tengiliður við aðgerðastjórn og tekur neyðarstjórn sveitarfélagsins við fyrirmælum frá aðgerðastjórn varðandi þær ráðstafanir sem þarf að framkvæma til að fyrirbyggja eða bregðast við vá. Eins upplýsa neyðarstjórnir starfsfólk ASH um sínar ákvarðanir sem koma þeim til skila til AST. Unnið er í samræmi við grunnreglurnar fjórar og því bera sveitarfélögin ábyrgð á sinni þjónustu en geta bæði þurft að fá aðstoð til að sinna þeim og að veita öðrum aðstoð. Nái atburður til fleiri en eins sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu þá skiptir samhæfing og samstarf öllu og sér starfsfólk AHS um að samræma aðgerðir með sveitarfélögunum sem um ræðir.

Ef almannavarnaviðbrögðin gefa til kynna að viðbúnaður fari frá rauðum yfir í svart, þjóðarvá, þá er farið eftir sömu aðferðarfræði og á við um almannavarnaástand.



Mynd 5. Viðbragðsaðilar á höfuðborgarsvæðinu – Rautt ástand

Verksvið og ábyrgð neyðarstjórnar

Borgarstjóri fer með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar ásamt borgarráði. Fagsvið, kjarnasvið, skrifstofur og fyrirtæki Reykjavíkurborgar bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Eins og fram hefur komið ætti að leitast við að stjórnskipulag borgarinnar haldist óbreytt við áföll og/eða neyðarástand og að hver stjórnandi beri ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi.

Sé neyðarstjórn virkjuð skv. áætlun þessari getur hún gripið inn í hefðbundið skipulag og gert sértækar ráðstafanir. Neyðarstjórnin verður að vera vel upplýst um stöðu mála á hverri stundu og þess bær að taka mikilvægar ákvarðanir með skjótum hætti þegar á þarf að halda. Í alvarlegu ástandi getur neyðarstjórn þurft að taka ákvörðun um skerðingu þjónustu og niðurlagningu starfsemi sem ekki er skilgreind sem forgangsverkefni. Nauðsynlegt getur verið að bregðast við starfsmannaskorti sem getur lamað mikilvæga starfsemi og dreifingu nauðsynja og er það á ábyrgð fagsviða, kjarnasviða og skrifstofa. Í alvarlegum tilfellum getur þurft að grípa til neyðarréttar til að færa til starfsfólk til að sinna lífsnauðsynlegri þjónustu. Svið og skrifstofur borgarinnar hafa forgangsraðað starfsemi sinni út frá því hvaða verkefni eru brýnust til að halda samfélaginu gangandi.

Borgarráð veitir nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar. Neyðarstjórnin getur tekið ákvarðanir og stofnað til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum, enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Aðrar stofnanir, s.s. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar gætu einnig þurft að vera í viðbragðsstöðu á neyðarstigi.

6. Starfsaðstaða og skipulag

Viðbragðsáætlun þessi gildir fyrir starfssvæði Reykjavíkurborgar. Íbúar voru 136.894 í ársbyrjun 2024. Starfssvæði Reykjavíkurborgar er lögsagnarumdæmi eins og það er skilgreint í lögum. Borgarstjórn Reykjavíkurborgar starfar eftir og veitir íbúum þjónustu skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og öðrum lögum, samþykktum og reglugerðum sem lúta að starfsemi hans.

Aðstaða neyðarstjórnar Reykjavíkur er í Ráðhúsi Reykjavíkur, nánar tiltekið á skrifstofu borgarstjóra 3. hæð, austurenda. Í Ráðhúsinu er til staðar varaafstöð ef um rafmagnsleysi er að ræða og er hún staðsett í kjallara ráðhúss. Einnig eru tvær tetrastöðvar til fjarskipta, net, símar, fastalína, tölvuskjár, langbylgjuútvarp og annar búnaður, sjá lista í möppu neyðarstjórnar og á sameiginlegu drifi.

Í Borgartúni 8-16a hefur neyðarstjórn aðstöðu í Hrefnukoti, nánar tiltekið á jarðhæð, vestanmegin í þjónustuveri, inngangur merktur 12. Í Borgartúni eru tvær tetrastöðvar til fjarskipta, net, símar, fastalína, tölvuskjár, langbylgjuútvarp og annar búnaður, sjá lista hjá neyðarstjórn í möppu og á sameiginlegu drifi.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar 2023-2026

Aðalmenn	
Starfsheiti hjá sveitarfélaginu	
1	borgarstjóri, formaður
2	borgarritari
3	sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
4	sviðsstjóri velferðarsviðs
5	sviðsstjóri mannauðs- og starfuhverfissviðs
6	sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs
7	sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
8	sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs
9	samskiptastjóri


Starfsmaður	
Starfsheiti hjá sveitarfélaginu	
1	teymisstjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Varamenn	
Starfsheiti hjá sveitarfélaginu	
1	formaður borgarráðs
2	skrifstofustjóri borgarstjórnar
3	skrifstofustjóri eignaskrifstofu
5	sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
6	framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar
7	borgarlögmaður
8	mannréttindastjóri

Tafla 4. Skipun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar

Upplýsingar um nöfn, starfsheiti, netföng og símanúmer meðlima neyðarstjórnar er fylgiskjal með þessari áætlun. Fylgiskjalið þarf að uppfæra a.m.k. árlega þar sem um er að ræða grunnupplýsingar sem ávallt þurfa að vera aðgengilegar.

Skipurit Reykjavíkurborgar



Mynd 6. Skipurit Reykjavíkurborgar.

Helstu skipulagseiningar Reykjavíkurborgar

Fagsvið:

Skóla- og frístundasvið (SFS)

Velferðarsvið (VEL)

Umhverfis- og skipulagssvið (USK)

Menningar- og íþróttasvið (MÍR)

Kjarnasvið:

Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS)

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON)

Mannauðs- og starfsumhverfissvið (MOS)

Miðlæg stjórnsýsla:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB)

Embætti borgarlögmans (BLÓ)

Skrifstofa borgarstjórnar (SBS)

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa (MAR)

Umfjöllun um starfsemi framangreindra eininga og forgangsverkefni á almannavarnastigi er að finna í kafla 7 ásamt tilvísunum í fylgiskjöl sem innihalda ítarupplýsingar s.s. upplýsingar um tengiliði við neyðarstjórn og yfirlit yfir starfsstöðvar og lykilaðila ásamt símanúmerum og netföngum.

Fjöldahjálparstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Fjöldahjálparstöðvar eru starfræktar á neyðartímum til að bjóða þolendum náttúruhamfara og annarra alvarlegra atburða öruggt skjól. Þar er þeim séð fyrir helstu grunnþörfum svo sem mat, fatnaði og húsaskjóli. Einnig er gert ráð fyrir að í boði sé ýmis frekari þjónusta svo sem skyndihjálp, sálrænn stuðningur, sálgæsla, ráðgjöf og upplýsingar. Ákvörðun um opnun fjöldahjálparstöðvar og staðsetningu hennar er í höndum AST. Rauði krossinn á Íslandi heldur utan um opnun og stjórnun fjöldahjálparstöðva. Rauði krossinn á fulltrúa í aðgerðarstjórn og fara samskipti við fjöldahjálparstöðvar í gegnum AST að minnsta kosti til að byrja með. Rauði krossinn gæti þurft á aðstoð sveitarfélaganna að halda og þá berst beiðni frá AST til NST.

7. Starfsemi Reykjavíkurborgar, samfélagslega mikilvæg starfsemi

Áhersla er lögð á þá starfsemi Reykjavíkurborgar sem þarf að vera samfelld, þ.e. tryggja þarf órofna starfsemi. Jafnframt er skilgreint hvaða viðbrögð skulu vera samhæfð af hálfu neyðarstjórnar. Umsýsla málaflokka er á höndum mismunandi sviða og skrifstofa sem gera sínar eigin viðbragðsáætlanir og gátlista með áherslu á þá starfsemi sem skilgreind er sem forgangsverkefni. Í viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar er gerð grein fyrir forgangsverkefnum sviða og skrifstofa. Nánari upplýsingar er að finna í viðbragðsáætlun hvers sviðs eða skrifstofu fyrir sig en allar viðbragðsáætlanir sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar verða aðgengilegar á innri vef Reykjavíkurborgar. Ábyrgð á viðbragðsáætlun og fylgiskjölum tengdum henni ber viðkomandi sviðsstjóri eða skrifstofustjóri.

Upplýsingar um tengiliði sviða við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og upplýsingar um lykilaðila innan sviðs, starfsstöðvar og staðsetningu þeirra ásamt símanúmerum og netföngum eru fylgiskjöl með þessari áætlun. Fylgiskjölin þarf að uppfæra a.m.k. árlega þar sem þau eru grunnupplýsingar sem ávallt þurfa að vera aðgengilegar fyrir neyðarstjórn, ásamt gátlistum.

Fagsvið

Undir Reykjavíkurborg heyra fjögur fagsvið sem gegna samfélagslega mikilvægum hlutverkum. Hér að neðan má finna stuttar lýsingar á hlutverkum þeirra og þjónustu þeirra sem haldast þarf órofin hvort sem búið sé að lýsa yfir almannavarnaástandi eða á hefðbundnum tímum líkt og kemur fram í 3. kafla.

Skóla- og frístundasvið

Starfsemi og hlutverk

Skóla- og frístundasvið (SFS) hefur það hlutverk að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Einnig hefur sviðið það hlutverk að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi. Sviðið vinnur með skóla- og frístundaráði og sinnir málefnum þess.

SFS veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðlar að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Í menntastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að starfsmenn sviðsins hafi það hlutverk að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennings- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur öðrum breytingum.

Alls starfa um 6.115 starfsmenn hjá skóla- og frístundasviði í um 4.671 stöðugildum.

Undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar heyra um 170 starfsstaðir:

- 68 leikskólar, þar af 3 samreknir grunnskólum, auk 17 sjálfstætt starfandi leikskóla.
- 38 grunnskólar, auk 6 sjálfstætt starfandi grunnskóla.
- 37 frístundaheimili, þar af 5 samrekin með grunnskólum.
- 25 félagsmiðstöðvar, þar af 4 sértækar félagsmiðstöðvar.
- 4 skólahljómsveitir.
- 1 tónlistarskóli samrekinn með grunnskóla, leikskóla og frístundastarfi, að auki eru 18 tónlistarskólar með þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Skilgreining forgangsverkefna

Foreldrar með börn hjá dagforeldrum, í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimilum eru stór hluti vinnuafis og því er mikilvægt að þeir geti gengið að þjónustunni vísri. Mikilvægt er að halda úti grunnþjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila svo framarlega sem nægilega margir starfsmenn eru til staðar. Í skipulagi þjónustu leikskóla og frístundaheimila er gert ráð fyrir ákveðnum fjölda starfsmanna til að þjónusta barnahópa. Ef um manneklu er að ræða er unnið eftir svokölluðum faliðunarferlum. Þjónusta er skert ef ekki tekst að manna þjónustueiningar. Í grunnskólum skal manna forföll og er almennt ekki heimilt að fella niður kennslu. En við mikil forföll getur orðið nauðsynlegt að gera það. Ákvörðun um lokun vegna manneklu er tekin af fulltrúum í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs og eftir atvikum kynnt neyðarstjórn borgarinnar. Sóttvarnalæknir getur jafnframt kveðið á um lokun starfseminnar. Auk þessa getur Ríkislögreglustjóri, á hættustund almannavarna, í samstarfi við lögreglustjóra tekið ákvörðun um lokun skóla sökum atviks í ákveðinn tíma.

Allar starfsstöðvar SFS eru opnar á dagvinnutíma auk þess sem félagsmiðstöðvar eru opnar á kvöldin. Ef upp kemur vá á efsta neyðarstigi á starfstíma starfsstöðva SFS er mikilvægt að tryggja öryggi barna og unglinga samkvæmt áætlun þar um.

Viðbragðsáætlun vegna röskunar á skólastarfi er til staðar fyrir höfuðborgarsvæðið, byggt á viðvörðunarkerfi Veðurstofu Íslands. Hana er hægt að finna á íslensku, ensku og pólsku, bæði fyrir

foreldra/forráðamenn og starfsfólk skóla hér: <https://www.shs.is/hvad-get-eg-gert/roskun-a-skolastarfi>.

Forgangsjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnastigum

- Starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Áhersla á að halda leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum opnum. Ef forgangsráða þarf þjónustu sé lögð áhersla á að veita fötluðum börnum þjónustu.
- Samskipti við neyðarstjórn borgarinnar, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsmanna og notenda þjónustunnar.
- Aðstoð, leiðbeiningar og stuðningur vegna aðstæðna og málefna sem upp geta komið.
- Samskipti og þjónusta við skóla- og frístundaráð.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1a: Tengiliðir SFS við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 1b: Upplýsingar um starfseiningar og lykilaðila SFS.

Fylgiskjal 1c: Gátlisti vegna þjónustu á vegum SFS í forgangi.

Velferðarsvið

Starfsemi og hlutverk

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar (VEL) ber ábyrgð á framkvæmd þjónustu á sviði velferðarmála, þ.m.t. félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa og barnavernd. Velferðarsvið ber ábyrgð á rekstri miðstöðva Reykjavíkurborgar og starfseininga sem undir þær heyra. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd og sinnir málefnum þeirra.

Sviðið sér einnig um rekstur miðlægrar velferðarþjónustu þvert á borgina, átaksverkefni vegna endurhæfingar fólks, heildstætt forvarnarstarf í Reykjavík, rekstur húsnæðis fyrir fatlað fólk, úthlutun húsnæðisúrræða, rekstur hjúkrunarheimila, rekstur framleiðslueldhúss og rekstur heimahjúkrunar og heimaþjónustu.

Árið 2023 störfuðu að meðaltali á mánuði 3.517 starfsmenn í 2.349 stöðugildum á velferðarsviði. Undir velferðarsvið Reykjavíkur heyra 116 starfsstaðir, margs konar þjónusta og ráðgjöf:

- Fjórar miðstöðvar í hverfum borgarinnar.
- Rafræn miðstöð.
- 3.087 félagslegar leiguíbúðir, þar af:
 - Almennt félagslegt leiguhúsnæði (2.161)
 - Þjónustuíbúðir aldraðra (365)
 - Húsnæði fyrir fatlað fólk (506)
 - Húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir (55)
- Vistheimili barna.
- Stuðningsheimili Stigahlíð.
- Sjö heimili fyrir fatlað fólk, rekin með þjónustusamningi við velferðarsvið.
- Tvö hjúkrunarheimili; Droplaugarstaðir og Seljahlíð.
- Þrjár starfsstöðvar heimaþjónustu (Miðbyggð í Efstaleiti, Efri byggð í Hraunbæ og Vesturbyggð á Lindargötu) sem veita heimastuðning (félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun).
- Sjö skammtímadvalir fyrir fötluð börn og ungmenni..
- Þrjú skammtíma- og fjölskylduheimili fyrir ungmenni á aldrinum 13–20 ára.
- 17 félagsmiðstöðvar fyrir fullorðið fólk.
- Fimm virkniúrræði – Grettistak, Karlasmiðjan, Kvennasmiðjan, Tinna og IPS – einstaklingsbundin starfsþjálfun.
- Fjárhagsaðstoð – 4.557 notandi.
- Húsnæðisstuðningur til einstaklinga og fjölskyldna og sérstakur húsnæðisstuðningur til einstaklinga – 5.655 notendur.
- Tvær unglingsmiðjur.
- Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk – 963 notendur.
- Akstursþjónusta fyrir eldri borgara – 697 notendur.
- 29 einstaklingar með þjónustu í formi NPA.
- Stuðningsfjölskyldur – 415 notendur.
- Stuðningsþjónusta – 1.235 notendur (stuðningsfjölskyldur meðtaldar).
- Heimsendur matur – 1.018 notendur.
- Ráðgjöf og sérfræðiþjónusta – 5.591 notendur.

Tölur um veitta þjónustu miðast við allt árið 2023.

Forgangspjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnastigum

Meginverkefni velferðarsviðs teljast til grunnþjónustu og telst þar af leiðandi til þjónustu sem haldast verður órofin. Stór hluti grunnþjónustunnar þolir enga truflun og getur haft lífshættulegar afleiðingar ef truflun / stöðnun verður.

- Neyðarstjórn velferðarsviðs sinnir samskiptum við neyðarstjórn borgarinnar, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsfólks og notenda þjónustunnar.
- Neyðarstjórn hefur jafnframt milligöngu um aðstoð, leiðbeiningar og stuðning vegna aðstæðna og málefna sem upp geta komið á háskastiginu.
- Samskipti og þjónusta við skóla- og frístundaráð.
- Brýnt er að starfsemi framleiðslueldhúss á Vitatorgi og eldhúss í Seljahlíð (varaeldhús) haldist óröskuð sem og hjúkrunarheimilanna Droplaugarstaða og Seljahlíðar.
- Standa þarf vörð um þjónustu inni á heimilum fatlaðs fólks (íbúðakjarnar, þjónustukjarnar, sambýli, húsnæði með stuðningi, sem og þjónustu færanlega teymisins Liðsaukans. Sjá hér að ofan um starfsemi slíkra starfseininga.)
- Verja þarf þjónustu á heimilum fyrir börn, barnaverndarúrræði og skammtímadvalir skv. nánari forgangsröðun og skilgreiningu verkefna.
- Tryggja þarf þjónustu í þjónustuíbúðum á vegum Reykjavíkurborgar og í dagþjónustu fyrir heilabilaða á Vitatorgi.
- Tryggja þarf heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu (lífsnauðsynleg þjónusta önnur en þrif) skv. nánari forgangsröðun og skilgreiningu verkefna.
- Akstursþjónusta þarf að vera trygg ef flytja þarf fólk af vettvangi.
- Tryggja þarf að fjárhæðir vegna fjárhagsaðstoðar og NPA/beingreiðslusamninga verði greiddar út.
- Upplýsingaveita, sálfræðiaðstoð og félagsleg aðstoð á miðstöðvum skv. nánari forgangsröðun og skilgreiningu verkefna.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 2a: Tengiliðir VEL við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 2b: Upplýsingar um starfseiningar og lykilaðila VEL.

Fylgiskjal 2c: Gátlisti vegna þjónustu á vegum VEL í forgangi.

Umhverfis- og skipulagssvið

Starfsemi og hlutverk

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölþættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun. Lögbundin verkefni eru hjá byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Bílastæðasjóður og Grasagarður tilheyra einnig sviðinu.

USK ber ábyrgð á öllum verklegum framkvæmdum sem tengjast mannvirkjum borgarinnar, húseignum hennar og gatnakerfi. Í því felst uppbygging þeirra, rekstur og viðhald. Undir sviðið heyra allar fasteignir vegna reksturs borgarinnar.

USK annast umsýslu skipulags- og byggingarmála í borginni í umboði umhverfis- og skipulagsráðs og er jafnframt stefnumótandi í skipulags- og byggingarmálum borgarinnar í samvinnu við umhverfis- og skipulagsráð. Hlutverk USK er að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum, byggingarverktökum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um skipulags- og byggingarmál.

USK framfylgir umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar og stefnu borgarinnar í samgöngumálum. Hjá USK eru einnig verkefni er varða heilbrigðis- og mengunareftirlit í Reykjavík, náttúruvernd og garðyrkju í borgarlandinu, vörslu borgarlandsins, rekstur Vinnuskóla Reykjavíkur, sorphirðu frá heimilum og dýraeftirlit þ.á.m. meindýravarnir, hundaeftirlit og búfjáreftirlit.

Undir umhverfis- og skipulagssvið heyra eftirtaldar starfsstöðvar:

Skrifstofur Höfðatorg, Borgartúni 12-14

- Sviðsstjóri (Aðalskipulag og loftslagsmál)
- Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða
- Skrifstofa þjónustu og samskipta
- Framkvæmdir og viðhald
- Skrifstofa borgarlandsins
- Byggingarfulltrúi
- Skipulagsfulltrúi
- Skrifstofa mannauðsmála
- Skrifstofa fjármála
- Samgöngustjóri og borgarhönnun (Bílastæðasjóður skrifstofa og útideild)
- Skrifstofa umhverfisgæða
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Verkefnastofa

Útstöðvar

- Hverfastöð vestur, Fiskislóð 37C, 101 R
- Hverfastöð austur, Jafnasel 1-3, 109 R
- Hverfastöðin Kjalarnesi, v/Vallargrund 116 R
- Austurheiði – Útmörk, Austurheiði, Jafnasel 1-3, 109 R
- Verkbækistöð I, Klambratúni, 105 R
- Verkbækistöð II, Árbæjarbletti við Rafstöðvarveg, 110 R
- Verkbækistöð III, Borgargarðar við Laugardal (aðkoma frá Sunnuvegi), 104 R
- Þjónustumiðstöð borgarlandsins, Svarthöfði 1, 110 R

- Ræktunarstöðin, við Fossvogsveg, 108 R
- Grasagarðurinn, Laugardal við Engjaveg. 104 R
- Sorphirða – Svarthöfði 1, 110 R
- Meindýravarnir – Svarthöfði 1, 110 R

Forgangspjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnastigum

- Samskipti við neyðarstjórn borgarinnar, upplýsingamiðlun til stjórnenda og starfsmanna og viðskiptavina sviðsins
- Snjómokstur og hálkuvarnir helstu samgönguæða
- Eftirlit blágrænna ofanvatnslausna, annað ofanvatn og niðurfallsristar
- Umferðarstýringar, rekstur og viðgerðir umferðaljósa
- Rekstur umferðarmerkja, bráðaviðgerðir og endurnýjanir ef hættu er fyrir hendi
- Viðbrögð vegna óveðurs – leysinga og/eða asahláku – bilanir í gatnakerfi
- Viðbragðspjónusta vegna götulokana
- Tjónaviðgerðir í húsnæði á vegum borgarinnar, lokanir og bráðaviðgerðir til að hindra frekara tjón
- Viðbragðspjónusta vegna brunaviðvörðunarkerfa í húsnæði á vegum borgarinnar
- Sorphirða
- Meindýravarnir
- Varsla borgarlands vegna lausagöngu búfjár; aðallega hrossa
- Heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit ásamt matvælaöryggi þ.m.t. neysluvatn, Sjá viðbragðsáætlun og gátlista HER
- Samskipti og þjónusta við umhverfis- og skipulagsráð

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 3a: Tengiliðir USK við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 3b: Upplýsingar um starfseiningar og lykilaðila USK.

Fylgiskjal 3c: Gátlisti vegna þjónustu á vegum USK í forgangi.

Menningar- og íþróttasvið

Starfsemi og hlutverk

Í hverfum borgarinnar veitir menningar- og íþróttasvið (MÍR) margskonar þjónustu sem snýr að lýðheilsu og frítíma borgarbúa. Undir sviðið heyrja sundlaugar borgarinnar, Borgarbókasöfn, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn. Þá ber sviðið einnig ábyrgð á rekstri skíðasvæða, gervigrasvalla, Ylstrandar, Sigluness, Fjölskyldu- og húsdýragarðs og Hins hússins.

MÍR sinnir víðtæku samstarfi við hagsmunaaðila í íþrótt- og æskulýðsstarfi, og veitir styrki til félaga vegna reksturs mannvirkja ásamt samningum varðandi styrki og samskipti við lista- og menningarlífið. Þá er sviðið borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrja.

Menningarborgin

Undir menningarborgina heyrja Tónlistarborgin og Bókmenntaborgin. Þá eru Borgarbókasafnið með 8 bókasöfn, Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundasafn og Borgarsögusafn í Aðalstræti 10, Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið í Reykjavík og Viðey hluti af menningarborginni.

Íþróttaborgin

Undir íþróttaborgina heyrja átta sundlaugar og fjögur íþróttahús. Þá eru einnig á ábyrgð MÍR íþróttamannvirki í eigu borgarinnar eins og Laugardalsvöllur, Íþrótt- og sýningarhöllin í Laugardal, Frjálsíþróttahöllin og Skautahöllin sem rekin eru af öðrum aðilum.

Útivistarborgin

Undir útivistarborgina heyrja Fjölskyldu og húsdýragarðurinn, Dýraþjónusta Reykjavíkur, Ylströndin og Siglunes í Nauthólsvík, og skíðabrekkur í borginni.

Auk þessara starfsstaða heyrir Hitt húsið undir sviðið.

Forgangsjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnastigum

- Samskipti við neyðarstjórn borgarinnar, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsmanna og viðskiptavina sviðsins.
- Upplýsingamiðlun til borgarkerfisins.
- Tryggja öryggi viðskiptavina.
- Tryggja að rekstur mannvirkja liggja ekki undir skemmdum.
- Öryggisgæsla og rekstur öryggiskerfa til að tryggja íþróttamannvirki og stýrikerfi í sundlaugum.
- Öryggisgæsla og rekstur öryggiskerfa til að tryggja öryggi menningarverðmæta og bygginga með menningarsögulegt gildi.
- Tryggja umhirðu dýra í Fjölskyldugarði.
- Tryggja þjónustu fatlaðra ungmenna í Hinu húsinu.
- Þjónusta Borgarbókasafns vegna mikilvægs samfélagslegs hlutverks. Borgarbókasafni verður eingöngu lokað komi til samgöngubanns.
- Samskipti og þjónusta við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð.

- Samskipti við stofnanir og félagasamtök sem reka menningar- og íþróttastarfsemi í Reykjavík

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 4a: Tengiliðir MÍR við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 4b: Upplýsingar um starfseiningar og lykilaðila MÍR.

Fylgiskjal 4c: Gátlisti vegna þjónustu á vegum MÍR í forgangi.

Kjarnasvið

Undir Reykjavíkurborg heyra þrjú kjarnasvið sem gegna mikilvægum þjónustuverkefnum sem haldast þurfa órofin á öllum almannavarnastigum.

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Starfsemi og hlutverk

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Sviðið ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana og er ráðgefandi við stefnumörkun um fjárhagsleg viðfangsefni. Sviðið ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum, fjárstýringu og innheimtu. Sviðið fer með ráðgjöf á sviði innkaupa og ber ábyrgð á að farið sé að innkaupareglum og lögum um opinber innkaup. Sviðið ber ábyrgð á mörkun og innleiðingu áhættustefnu Reykjavíkurborgar og leiðir áhættustýringu borgarinnar. Þá fer sviðið með eigandafyrirsvar Reykjavíkurborgar og gegnir samhæfingar- og eftirlitshlutverki um upplýsingagjöf á sviði rekstrar og fjárfestinga.

Fjármála- og áhættustýringarsvið skiptist í: skrifstofu áætlana- og hagsmála, skrifstofu fjármálaþjónustu- og ráðgjafar, skrifstofu fjárstýringar- og innheimtu, skrifstofu bókhalds- og uppgjörs, skrifstofu eigna auk skrifstofu sviðstjóra.

Forgangspjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnastigum

- Samskipti og þjónusta við borgarstjóra/borgarráð/neyðarstjórn
- Afgreiðsla brýnna stjórnsýsluerinda, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga
- Fjármál :
 - Rekstur fjárhagskerfis
 - Greiðsla launa og launatengdra gjalda
 - Samþykkt og greiðsla mikilvægra reikninga
 - Afgreiðsla velferðargreiðslna
 - Greiðsla rekstrarstyrkja
 - Greiðsla opinberra gjalda
 - Afborgarnir lána á gjalddaga
- Mannvirki borgarinnar
 - Fyrirsvar
 - Meðhöndlun tjóna

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 5a: Tengiliðir FAS við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 5b: Gátlisti vegna þjónustu á vegum FAS í forgangi.

Einungis einn starfsstaður er hjá sviðinu og þar af leiðir þarf ekki að skilgreina lykilaðila starfsstaða umfram skilgreinda tengiliði sbr. fylgiskjal 5a.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Starfsemi og hlutverk

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) er skilgreint sem eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar. Meginhlutverk sviðsins er að annast innri þjónustu Reykjavíkurborgar og stuðla að nýsköpun í starfsemi hennar. Samhliða ber sviðið ábyrgð á rekstri þjónustuvera, stjórnsýslubygginga sem og Borgarskjalasafns. Þá er sviðið Reykjavíkurborg og yfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir það heyra. PON starfar þvert á öll átta fag- og kjarnasvið borgarinnar, skrifstofur og undirstofnanir. Sviðið þjónustar jafnframt yfir 300 starfsstöðvar um alla borg sem og þá 12.000 starfsmenn sem þar starfa, til viðbótar við íbúa og fyrirtæki. PON skiptist í sex skrifstofur sem, ásamt Borgarskjalasafni Reykjavíkur, sinna allar ólíkum þjónustuhlutverkum en mynda saman eina sterka heild, með þverfaglegum teyllum sem starfrækt eru þvert á skrifstofurnar.

Forgangsjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnarstigum

- Rekstur grunnupplýsingakerfa og fjarskiptasamskiptasambanda
- Samskipti við neyðarstjórn borgarinnar, upplýsingamiðlun til stjórnenda og starfsmanna sviðsins
- Samskipti og þjónusta við fagráð sviðsins
- Öryggisgæsla, rekstur öryggiskerfa og neyðarviðhald í stjórnsýsluhúsum borgarinnar
- Öryggisgæsla, rekstur öryggiskerfa og neyðarviðhald á Höfða og Borgarskjalasafni Reykjavíkur svo tryggja megi öryggi menningarsögulegra verðmæta
- Upplýsingamiðlun til almennings í gegnum vefinn Reykjavik.is og samskiptagáttir þjónustuvera Reykjavíkurborgar

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 6a: Tengiliðir PON við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 6b: Upplýsingar um starfseiningar og lykilaðila PON.

Fylgiskjal 6c: Gátlisti vegna þjónustu á vegum PON í forgangi.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Mannauðs og starfsumhverfissvið (MOS) fer með forystuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannauðs- og launamálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirvar gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Sviðið ber ábyrgð á launavinnslu og rekstri mannauðs- og launakerfa borgarinnar. Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag og kjarnasvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu.

Starfsfólk sviðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu, tryggir samræmi í framkvæmd, annast gerð kjarasamninga og veitir stjórnendum ráðgjöf. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi. Sviðið skiptist upp í fjórar skrifstofur; skrifstofa sviðsstjóra, skrifstofa starfspróunar og starfsumhverfis, skrifstofa ráðninga og mönnunar og skrifstofu kjaramála. Sviðið sinnir verkefnum á sviði launavinnslu, vinnuréttar, starfsmannakannana, vinnuverndar, öryggismála, heilsueflingar, starfspróunar, fræðslu, ráðninga, mönnunar, kjaramála og starfsmats.

Forgangsþjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnastigum

- Samskipti og þjónusta við neyðarstjórn borgarinnar
- Upplýsingamiðlun til stjórnenda og starfsmanna
- Mannauðs- og launamál:
 - Rekstur mannauðs- og launakerfis
 - Afgreiðsla launa
 - Utanumhald gagna
- Samskipti við trúnaðarlækni borgarinnar
- Samskipti við stéttarfélög og aðra mikilvæga hagsmunaaðila.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 7a: Tengiliðir MOS við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 7b: Gátlisti vegna þjónustu á vegum MOS í forgangi.

Einungis einn starfsstaður er hjá sviðinu og þar af leiðir þarf ekki að skilgreina lykilaðila starfsstaða umfram skilgreinda tengiliði sbr. fylgiskjal 7a.

Miðlæg stjórnsýsla

Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, embætti borgarlögmans, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu auk innri endurskoðunar og ráðgjafar. Miðlæg stjórnsýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar, borgarráðs, forsætisnefndar og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Þá sinnir miðlæg stjórnsýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög og hefur yfirumsjón með innleiðingu Græna plansins, eigendastefnu Reykjavíkurborgar og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Hér að neðan má finna þau verkefni sem þurfa að haldast órofin á öllum almannavarnastigum.

Forgangspjónusta sem þarf að haldast órofin á öllum almannavarnastigum

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

- Þjónusta við borgarstjóra, borgarritara og neyðarstjórn borgarinnar
- Þátttaka í undirbúningi fyrir fundi borgarráðs
- Upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsmanna og íbúa
- Afgreiðsla brýnna stjórnsýsluerinda, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

- Þátttaka í upplýsingamiðlun um stöðu mála til þeirra hópa sem mannréttindastefna snýr að. Ber þar sérstaklega að nefna innflytjendur, fatlað fólk og aldraða

Skrifstofa borgarstjórnar

- Þjónusta við borgarráð og borgarstjórn
- Upplýsingamiðlun til borgarfulltrúa

Embætti borgarlögmans

- Rekstur lögræðismála og barnaverndarmála fyrir dómi
- Ráðgjöf og þjónusta við svið borgarinnar og miðlæga stjórnsýslu
- Þátttaka í undirbúningi fyrir fundi borgarráðs
- Afgreiðsla brýnna stjórnsýsluerinda og samskipti við dómstóla

Innri endurskoðun og ráðgjöf

- Með hliðsjón af hlutverki Innri endurskoðunar og ráðgjafar þarf einingin að vera í stakk búin að takast á við verkefni er varða misferlisrannsóknir, persónuvernd og ráðgjöf til borgarbúa og önnur mál sem þarfnast tafarlausrar athygli að mati borgarráðs á tímum náttúruvárs eða annars hættuástands. Jafnframt þarf einingin að geta haldið úti uppljóstrunargátt fyrir ábendingar.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 8a: Tengiliðir miðlægrar stjórnsýslu við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 8b: Gátlisti vegna þjónustu á vegum miðlægrar stjórnsýslu í forgangi.

Einungis einn starfsstaður er hjá hverri skrifstofu og þar af leiðir þarf ekki að skilgreina lykilaðila starfsstaða umfram skilgreinda tengiliði sbr. fylgiskjal 8a.

8. Verkefni neyðarstjórnar

Starfsemin er skilgreind í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í 11. gr. laganna er kveðið á um notendastýrða persónulega aðstoð og þar segir:

Einstaklingur á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.

Aðstoðin skal vera skipulögð á forsendum notandans og undir verkstýringu og verkstjórn hans. Ef notandinn á erfitt með að annast verkstjórn vegna fötlunar sinnar skal hann eiga rétt á aðstoð við hana, sbr. þó ákvæði 6. gr. Aðstoðin skal um leið vera heildstæð þar sem þjónustukerfi félags-, heilbrigðis- og menntamála samhæfa aðstoð sína í þágu þess sem nýtur hennar.

Umsýsluaðili NPA-samnings ber vinnuveitendaábyrgð gagnvart starfsfólki sínu og skal sjá til þess að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða um réttindi starfsmanna sem aðstoða hann, m.a. hvað varðar aðbúnað á vinnustað þeirra, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og aðrar meginreglur íslensks vinnuréttar og kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Sveitarfélag getur afturkallað ákvörðun um umsýslusamning verði misbrestur þar á og hafi ekki verið bætt úr þrátt fyrir ábendingar þar að lútandi.

Ráðherra gefur út reglugerð³⁾ og handbók um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, m.a. um hlutverk og ábyrgð, skipulag og útfærslu, þ.m.t. viðmið um umfang þjónustu og lágmarksstuðningsþarfir, eftirlit og kostnaðarhlutdeild aðila í samráði við sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd aðstoðarinnar og skulu setja nánari reglur þar um í samráði við notendaráð fatlaðs fólks eða samtök fatlaðs fólks.

3. Er hlutverk / starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Starfsemin er skilgreind í reglugerð nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/frn/nr/21371>

Einnig í reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð.

https://reykjavik.is/sites/default/files/samthykktar_reglur_um_npa_0.pdf

4. Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Nei.

5. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.) ?

Það sem þarf að virkja er starfsfólk og búnaður, t.d. sóttvarnabúnaður ef um veikindi er að ræða sem þarfnast sérstaks búnaðar.

6. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Notendastýrð persónuleg aðstoð felur í sér að fatlað fólk ræður sjálft til sín starfsfólk sem sinnir stuðningi við viðkomandi við athafnir daglegs lífs. Oft er um sólarhringsþjónustu að ræða. Ef þetta starfsfólk dettur út vegna neyðarástands getur þurft að koma til þess að sveitarfélagið taki yfir stuðning yfir styttri eða lengri tíma. Áhrifin geta verði mismunandi eftir eðli fötlunar viðkomandi. Stöðvun til lengri tíma felur í sér alvarlegt ástand fyrir viðkomandi fatlaðan einstakling með notendastýrða persónulega aðstoð.

7. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Það fer eftir eðli fötlunar viðkomandi notanda. Sum þjónusta má aldrei staðna en önnur gæti hugsanlega staðnað í styttri tíma.

8. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Starfsemin þarf að vera órofin.

9. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Fatlað fólk með notendastýrða persónulega aðstoð sinnir sjálft samskiptum við 3ja aðila með aðstoð starfsfólks. Þau sem eru með umsýslusamninga hjá NPA miðstöðinni fá aðstoð þaðan.

10. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Nei.

11. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (aukin aðstoð frá sveitarfélagi, líkt og varaafli)

Í einstaka tilvikum gæti þurft varaafli. Það á við um sjúklinga í öndunarvél.

12. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Fatlað fólk með notendastýrða persónulega aðstoð sér sjálft um sínar tryggingar.

13. Hverjar eru lágmarkskröfum sem til þarf til þess að endurreisa starsemina í ásættanlegt horf?

Tryggja starfsfólki til að sinna þjónustunni.

14. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Fatlað fólk með notendastýrða persónulega aðstoð sinnir þessum þætti sjálft.

15. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Um er að ræða viðkvæma og persónulega þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Það þarf að tryggja að þessi starfsemi sé ávallt órofin og að umræddir einstaklingar fái stuðning við að sækja þær bjargir sem nauðsynlegar eru með tilliti til neyðarástands hverju sinni.

Þjónustubáttur: Heimahjúkrun

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur heimahjúkrun í gegnum samning við Sjúkratryggingar Íslands. Samkvæmt samningnum sér borgin um rekstur heimahjúkrunar í Reykjavík allan sólarhringinn alla daga ársins. Þar fyrir utan tekur samningurinn til reksturs sólarhringsheimahjúkrunar árið um kring í Seltjarnarnesbæ, reksturs kvöld-, nætur-, helgar- og helgidagaþjónustu heimahjúkrunar í Mosfellsbæ að hluta og rekstur næturþjónustu í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.

2. Er hlutverk/starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Um þjónustu heimahjúkrunar gilda lög um heilbrigðisþjónustu nr.40/2007 og reglugerð um heilsugæslustöðvar nr.787/2007. Heimahjúkrun er heilbrigðisþjónusta sem er veitt í heimahúsum og verkefni heimahjúkrunar byggjast á þörf einstaklinga fyrir heilbrigðisþjónustu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur séð um rekstur heimahjúkrunar í Reykjavík frá 1. janúar 2009, fyrst skv. samningi við heilbrigðisráðuneytið og síðar samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

3. Er hlutverk/starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Í kröfulýsingu með samningi kemur fram að heimahjúkrun á að styðja við aldraða og gera þeim kleift að búa heima þrátt fyrir veikindi eða færnisskerðingu með samfelldri þjónustu. Lágmarka komur eldri borgara á bráðamóttökuna þannig að skjólstæðingar með bráð einkenni og/eða langvinna sjúkdóma fái sérhæfða hjúkrun heim, m.a. með því að reka sérhæft hreyfanlegt öldrunarteymi.

4. Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Já, gæðahandbók heimahjúkrunar.

5. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Það þarf að virkja starfsfólk.

6. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Alvarleg áhrif á daglegt líf eldra fólks og fólks sem er veikt í heimahúsum og sem þarfnast sérhæfðar hjúkrunar allan sólarhringinn.

7. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin þolir enga stöðnun.

8. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Starfsemin þarf alltaf að vera gangandi.

9. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Heimahjúkrun nýtir einungis almenna og sértæka heilbrigðisþjónustu frá heilbrigðisstofnunum og aðra þá heilbrigðisþjónustu sem skjólstæðingar þeirra þurfa á að halda.

10. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Það eru til viðbragðsáætlanir frá Covid-tímabilinu. Þessar áætlanir eru þess eðlis að það væri hægt að uppfæra þær með tilliti til neyðarástands.

11. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (mannafli, tæknibúnað o.þ.h.)

Í örfáum tilvikum gæti þurft varaafli en það væri í þeim tilvikum þar sem notendur þjónustunnar eru með öndunarvélar og háðir rafmagni. Almennt þarf ekki að auka bjargir umfram framlag starfsfólks.

12. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Þetta er þekkt.

13. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Ef íbúar telja að tjón sé sök starfsfólks snúa þeir sér til tryggingafélags Reykjavíkurborgar (nú Sjóvá) og leggja fram kröfu í tryggingu Reykjavíkurborgar sem tekur til slíkra tilvika. Tryggingafélagið metur hvort tjónstilvik er bótaskyldt eða ekki, m.t.t. laga, reglna og sjónarmiða beggja aðila.

14. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

1–7 dagar.

15. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Tryggja starfsfólk til að sinna þjónustunni.

16. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Þjónusta þriðja aðila væri aðrar stofnanir í heilbrigðiskerfinu s.s. Landspítali.

17. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Þær upplýsingar eru til staðar.

18. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Þjónustubáttur: Heimastuðningur

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir heimstuðning samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021. Þjónustan er rekin á þremur stöðum í borginni; í Efri byggð, Miðbyggð og Vesturbyggð. Heimaþjónustan er rekin þar samþætt, annars vegar heimastuðningur og hins vegar heimahjúkrun.

2. Er hlutverk/starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Í reglum um stuðningsþjónustu er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.–27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Í 25.–27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er að finna ákvæði þar sem kveðið er á um stuðningsþjónustu (áður nefnd félagsleg heimaþjónusta).

3. Er hlutverk/starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta stefnir að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi, sbr. 25. gr. fyrrgreindra laga laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

4. Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Já, gæðahandbók heimastuðnings.

5. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Það þarf að virkja starfsfólk.

6. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Alvarleg áhrif á daglegt líf eldra fólks og fólks sem er forgangsraðað í 1.flokk samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og er í mjög mikilli stuðningsþörf. Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og / eða færni er með þeim hætti að fólkið þarf daglega aðstoð og eftirlit við athafnir

daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning. Á einnig við þegar fólk hefur verið metið af Færni- og heilsumatsnefnd fyrir varanlega búsetu á hjúkrunarheimili en er enn búsett á eigin heimili. Þörf er fyrir mjög mikinn stuðning á meðan beðið er eftir að búseta á hjúkrunarheimili hefjist.

7. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin fyrir þau sem eru í 1. flokki eða í mjög mikilli stuðningsþörf þolir enga stöðnun. Þau sem eru metin í 2. flokki eða í mikilli stuðningsþörf og líkamleg, andleg og félagsleg líðan og / eða færni þeirra er með þeim hætti að þau þurfa leiðbeiningar, þjálfun, stuðning og eftirlit við athafnir daglegs líf, heimilishald að minnsta kosti einu sinni í viku geta beðið í eina viku. Önnur gætu bjargað sér í styttri tíma og þá hugsanlega með aðstoð ættingja / vina sem yrðu virkjaðir.

8. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Starfsemin fyrir fólk sem forgangsraðað í 1. flokk með mjög mikla stuðningsþörf þarf alltaf að vera gangandi.

9. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Ekki er um að ræða samninga við þriðja aðila.

10. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Það eru til viðbragðsáætlanir frá Covid-tímabilinu. Þessar áætlanir eru þess eðlis að það væri hægt að uppfæra þær með tilliti til neyðarástands.

11. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (mannafli, tæknibúnað o.þ.h.)

Starfsfólk, fyrst og fremst.

12. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Þetta er þekkt.

13. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Ef íbúar telja að tjón sé sök starfsfólks snúa þeir sér til tryggingafélags Reykjavíkurborgar (nú Sjóvá) og leggja fram kröfu í tryggingu Reykjavíkurborgar sem

tekur til slíkra tilvika. Tryggingafélagið metur hvort tónstílvík er bótaskýlt eða ekki, m.t.t. laga, reglna og sjónarmiða beggja aðila.

14. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

1-7 dagar.

15. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Tryggja starfsfólk til að sinna þjónustunni.

16. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Nei.

17. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Já, þetta er til staðar.

18. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Þjónustubáttur: Heimsendur matur

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir heimssendan mat samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021. Framleiðslueldhús er rekið á Vitatorgi sem sendir mat inn á heimili fólks á hverjum degi allan ársins hring.

2. Er hlutverk/starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Í reglum um stuðningsþjónustu er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.–27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldra nr. 125/1999. Í 25.–27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er að finna ákvæði þar sem kveðið er á um stuðningsþjónustu (áður nefnd félagsleg heimaþjónusta) en heimsendur matur er hluti þeirra þjónustu og gerir eldra fólki kleift að búa í heimahúsum.

3. Er hlutverk/starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Heimsending matar er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tök á að borða í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Heimsendur matur fellur undir þau markmið stuðningsþjónustu að aðstoða notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs þ.m.t. heimssendan mat. Stuðningsþjónusta stefnir að því að efla viðkomandi til sjálfsþjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi, sbr. 25. gr. fyrrgreindra laga laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Fellur hlutverkið / starfsemin undir ákveðna staðla?

Já, gæðahandbók framleiðslueldhússins.

4. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Það þarf að virkja starfsfólk.

5. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Alvarleg áhrif á líf eldra fólks og fólks sem er forgangsraðað í 1. flokk samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og er í mjög mikilli stuðningsþörf. Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og / eða færni er með þeim hætti að fólkið þarf daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, þ.m.t. að matast.

6. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin þolir ekki stöðnun því maturinn dekkar 1/3 af næringarþörf dagsins og þau sem þjónustunnar njóta geta ekki eldað sjálf. Í einhverjum tilvikum gætu ættingjar / vinir verið tilbúnir til að stíga inn og styðja viðkomandi tímabundið en í öðrum tilvikum ekki um slíkt tengslanet að ræða.

7. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Starfsemin þarf alltaf að vera gangandi.

8. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Já aðkeyptan mat frá SS.

9. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Það eru til viðbragðsáætlanir frá Covid-tímabilinu. Þessar áætlanir eru þess eðlis að það væri hægt að uppfæra þær með tilliti til neyðarástands.

10. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (mannafli, tæknibúnað o.þ.h.)

Tryggja þar starfsfólk fyrst og fremst.

11. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Þetta er þekkt.

12. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Ef íbúar telja að tjón sé sök starfsfólks snúa þeir sér til tryggingafélags Reykjavíkurborgar (nú Sjóvá) og leggja fram kröfu í tryggingu Reykjavíkurborgar sem tekur til slíkra tilvika. Tryggingafélagið metur hvort tjónstilvik er bótaskyldt eða ekki, m.t.t. laga, reglna og sjónarmiða beggja aðila.

13. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

1 dagur.

14. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Tryggja starfsfólk til að sinna þjónustunni.

15. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki

Framleiðslueldhúsið myndi nýta þjónustu matvælafyrirtækja.

16. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Sú þekking er til staðar.

17. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Þjónustubáttur: Þjónustuíbúðir

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur þjónustuíbúðir á sex stöðum í borginni. Við byggingu og frágang íbúða hefur verið gætt að aðgengis- og öryggismálum, s.s. með lyftum, handriðum, breiðum göngum og öryggisdúkum á gólfum. Heimastuðningur og heimahjúkrun er veitt þegar við á, af starfsfólki sem hefur starfsstöð í húsinu, auk þess sem veitt er sólarhringsþjónusta / vaktþjónusta. Sameiginlegur matur er í boði í öll mál. Allar eru þjónustuíbúðirnar í eigu Félagsbústaða en velferðarsvið Reykjavíkurborgar sér um úthlutun í þær.

2. Er hlutverk/starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Samkvæmt 13. grein laga nr.125/199 um málefni aldraðra eiga að vera til staðar þjónustuíbúðir aldraðra og telst það til öldrunarþjónustu sveitarfélaga. Þetta geta verið sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir. Í 16. grein laga nr.1999/25 um málefni aldraðra er kveðið á um að íbúðir skuli uppfylla vissar kröfur um aðbúnað og þjónustu en þar á að vera öryggiskerfi, aðgangur að félagsstarfi og möguleiki á fæði, þvotti og þrifum. Íbúar í þjónustuíbúðum greiða sjálfir fyrir þá þjónustu sem þeir kjósa að nýta sér í samræmi við gjaldskrá. Íbúðir í þjónustuíbúðum eru ætlaðar öldruðum sem geta búið sjálfstætt og eiga þeir sama rétt og aðrir á heimahjúkrun og heimastuðningi.

3. Er hlutverk/starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019, er með þjónustuíbúð aldraðra átt við félagslegt leiguhúsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, sbr. 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Sama gildir um íbúðir fyrir aldraða sem úthlutað er á grundvelli sérstakra samninga við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Þjónustuíbúðir aldraðra eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili, sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Auk húsaleigu er innheimt þjónustugjald í þjónustuíbúðum, sbr. 20. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Já, gæðahandbók heimastuðnings og gæðahandbók heimahjúkrunar.

4. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Það þarf að virkja starfsfólk.

5. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Alvarleg áhrif á líf eldra fólks, sérstaklega því sem er forgangsraðað í 1. flokk samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og er í mjög mikilli stuðningsþörf. Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og / eða færni er með þeim hætti að fólkið þarf daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs.

6. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin þolir ekki stöðnun. Í einhverjum tilvikum gætu aðstandendur verið tilbúnir til að stíga inn og styðja viðkomandi tímabundið en í öðrum tilvikum ekki um slíkt tengslanet að ræða.

7. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Starfsemin þarf alltaf að vera gangandi.

8. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Nei.

9. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Það eru til viðbragðsáætlanir frá Covid-tímabilinu. Þessar áætlanir eru þess eðlis að það væri hægt að uppfæra þær með tilliti til neyðarástands.

10. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (mannafli, tæknibúnað o.þ.h.)

Fyrst og fremst þarf að tryggja starfsfólk.

11. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Þetta er þekkt.

12. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Ef íbúar telja að tjón sé sök starfsfólks snúa þeir sér til tryggingafélags Reykjavíkurborgar (nú Sjóvá) og leggja fram kröfu í tryggingu Reykjavíkurborgar sem tekur til slíkra tilvika. Tryggingafélagið metur hvort tjónstilvik er bótaskyld eða ekki, m.t.t. laga, reglna og sjónarmiða beggja aðila.

13. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

1–7 dagar.

14. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Tryggja starfsfólk til að sinna þjónustunni.

15. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Þjónusta þriðja aðila hefur ekki verið nýtt til þessa.

16. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Sú þekking er til staðar.

17. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Þjónustubáttur: Hjúkrunarheimili

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur tvö hjúkrunarheimili í borginni, 81 rými á Droplaugarstöðum og 20 rými í Seljahlíð. Á hjúkrunarheimilunum búa einstaklingar sem fengið hafa færni- og vistunarmat og þurfa daglega hjúkrun og aðhlyningu. Á Droplaugarstöðum er hjúkrunardeildin með 3 hjúkrunarrými fyrir fólk með þörf fyrir mikla og sérhæfða hjúkrun og umönnun, t.d. vegna meðferðar í öndunarvél. Tvö þessara rýma eru ætluð fyrir varanlega innlögn en þriðja rýmið er fyrir hvíldarinnlögn, tímabundna dvöl einstaklinga með MND-sjúkdóminn.

2. Er hlutverk/starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra 125 / 1999 eru hjúkrunarrými á hjúkrunarheimilum ætluð öldruðu fólki sem er of lasburða til að geta búið heima með þeim stuðningi sem er í boði, svo sem heimaþjónusta, heimahjúkrun, dagdvöl, hvíldarinnlögn eða búsetu í dvalarrými. Í hjúkrunarrými skal veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar og annarrar þjónustu sem skilgreind er í lögum um málefni aldraðra og reglugerð um stofnanþjónustu aldraðra.

3. Er hlutverk/starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Reglugerð um stofnanþjónustu fyrir aldraða nr. 1112 / 2006, síðast breytt þann 1. janúar 2022.

Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Já, Droplaugarstaðir nota ISO 9000 staðla.

4. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Það þarf að virkja starfsfólk. Íbúar á hjúkrunarheimilinu reiða sig mikið á rafmagn vegna öndunarvéla, súrefnisstuðnings og þjöllukerfis. Á Droplaugarstöðum er ekkert varaafli til að keyra slíkan búnað, fyrir utan litla varaafstöð á MND-deild heimilisins.

5. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Hjúkrunarrými á hjúkrunarheimilum eru ætluð öldruðu fólki sem er of lasburða til að geta búið heima og þarf því sólarhringsþjónustu allan ársins hring.

6. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin þolir ekki stöðnun.

7. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Starfsemin þarf alltaf að vera gangandi.

8. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Nei.

9. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Það eru til viðbragðsáætlanir frá Covid-tímabilinu. Þessar áætlanir eru þess eðlis að það væri hægt að uppfæra þær með tilliti til neyðarástands.

10. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (mannafli, tæknibúnað o.þ.h.)

Fyrst og fremst starfsfólk.

11. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Þetta er þekkt.

12. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Ef íbúar telja að tjón sé sök starfsmanna snúa þeir sér til tryggingafélags Reykjavíkurborgar (nú Sjóvá) og leggja fram kröfu í tryggingu Reykjavíkurborgar sem tekur til slíkra tilvika. Tryggingafélagið metur hvort tjónstilvik er bótaskyldt eða ekki, m.t.t. laga, reglna og sjónarmiða beggja aðila.

13. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

1–7 dagar.

14. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Tryggja starfsfólk til að sinna þjónustunni.

15. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Þjónusta þriðja aðila hefur ekki verið nýtt til þessa.

16. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Já, þetta til staðar.

17. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Þjónustubáttur: Heimili fyrir börn og unglunga sem heyrast undir Keðjuna

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Hlutverk heimila fyrir fötluð börn að Móvaði 9 og Þingvaði 3 er að veita börnum umönnun og búsetu. Einnig að veita hlutaðeigandi börnum og fjölskyldum þeirra örugga þjónustu til 18 ára aldurs með því að stuðla að heildstæðri þjónustu og stuðningi.

2. Er hlutverk / starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Starfsemi grundvallast í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

3. Er hlutverk/starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Hlutverkið er skilgreint nánar í reglugerð nr. 370 / 2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og í reglugerð 1054 / 2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

4. Fellur hlutverkið / starfsemin undir ákveðna staðla?

Nei.

5. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Þjónusta og stuðningur starfsfólks þarf alltaf að vera fyrir hendi og mögulega þarf aukningu á þjónustu ef skóli / frístund fellur niður.

6. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Ekki er hægt að skerða þjónustu, þar sem börnin búa og þurfa stuðning allan sólarhringinn, alla daga ársins.

7. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin þolir enga truflun / stöðnun.

8. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Til eru reglur um lágmarks mönnun sem þarf að virkja þegar það eru veikindi á börnum. Þá er kallað á aukavaktir og / eða flutt til á vöktum til að manna.

9. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (aukin aðstoð frá sveitarfélagi, líkt og varaafli)

Ef skólar / frístund loka þá þarf viðbótarmannskap til að tryggja öryggi barna.

10. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Annað húsnæði er í eigu Félagsbústaða og gilda tryggingar Félagsbústaða um þá eign. Hin eignin er leigð á almennum leigumarkaði af velferðarsviði og gilda almennar tryggingar Reykjavíkurborgar um þá eign.

11. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfsemi í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Starfsemin þolir alls enga truflun á þjónustu.

12. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Ekki er hægt að minnka þær kröfur sem eru gerðar til að gæta öryggis barna sem þar búa.

13. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Sú þjónusta sem er veitt af þriðja aðila er lögbundin- skóla og frístundþjónusta. Ekki eru gerðir neinir samningar þar um. En ef það verður þjónustufall þá þarf að auka þjónustu inn á heimilið, eins og komið hefur fram hér að ofan.

14. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn

Mikilvægar bjargir eru nauðsynlegur sjúkrabúnaður og lyf. Halda þarf góðu sambandi við eftirfarandi aðila:

- Birgja og viðhaldsþjónustu vegna hjálpartækja á borð við hjólastóla (aðal- og aukastóla), göngugrindur, standbekki, lón, sturtustóla, rúm og lyftur. Einnig vegna skóbúnaðar og annarra hjálpartækja.
- Sjúkrabjálfarar til að tryggja beiðnir.

- Heimahjúkrun barna veitir aðstoð vegna heilsufars, ýtir á eftir lyfseðlum og tryggir börnunum aðgang að heilbrigðisþjónustu.
- Bráðamóttaka barna og sérfræðilæknar.
- Parlogis vegna næringar og fylgihluta. Þess þarf að gæta að allt sé pantað á kennitölu og beiðni sé til staðar.
- Rekstrarvörur vegna stykkja og annarra hreinlætisvara sem snúa að persónulegu hreinlæti. Þess þarf að gæta að panta á kennitölu og beiðni sé alltaf til staðar.

15. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Þjónustubáttur: Heimili fyrir börn og unglunga sem heyra undir Barnavernd Reykjavíkur

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Vistheimili fyrir börn sem vista þarf utan heimilis foreldra. Neyðar- og skammtímaúrræði.

2. Er hlutverk/starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Hlutverk vistheimila fyrir börn er skilgreint í 84. grein barnaverndarlaga.

3. Er hlutverk/starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Hlutverkið er skilgreint í lögum.

4. Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Nei.

5. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Sólahringsþjónusta sem verður alltaf að vera til staðar. Alltaf fullt í húsi og reglulega koma börn inn á nóttu, um helgar, um jól o.s.frv.

6. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Engin truflun má vera á þessari þjónustu. Það myndi þýða að börn væru eftirlitslaus, umönnunarlaus eða í hættulegum aðstæðum á heimilum sínum. Engin börn eru vistuð í úrræðum á borð við þessi nema nauðsyn beri til.

7. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin gæti þolað einhverjar klukkustundir í stöðnun yfir daginn, á meðan flest börn eru í skóla / leikskóla.

8. eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Gripið hefur verið til þess ráðs að ráðgjafar á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur sinni vöktum í neyðartilvikum.

9. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (aukin aðstoð frá sveitarfélagi, líkt og varaafli)

Þörf er á stærra og öflugra úrræði, næstum tvöfalt stærra húsi og starfsfólki, í samræmi við þær þarfagreiningar sem gerðar hafa verið.

10. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Vistheimili fyrir börn falla undir almennar tryggingar Reykjavíkurborgar.

11. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Innan við sólarhringur.

12. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Til að gæta öryggis barna er ekki hægt að minnka þær kröfur sem eru gerðar eru.

13. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Nei.

14. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Húsnæði, matur, húsbúnaður á venjulegu heimili, svo sem rúm, borð, stólar o.s.frv. Föt, kerrur og annan útbúnaður sem börn þrúfa á að halda. Starfsmenn þurfa að hafa aðgang að tölvum til að sinna skráningarskyldu sinni varðandi vinnslu mála o.s.frv.

15. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Þjónustubáttur: Skammtímadvalir fyrir börn sem heyra undir Keðjuna

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Í reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur í III kafla, 4 gr. kemur fram:

„Skammtí mavistun er rekin sem þjónustustofnun, sbr. 9. gr. laga um málefni fatlaðra. Fjölskyldur fatlaðra skulu eiga kost á því að börn þeirra njóti tímabundinnar dvalar í skammtí mavistun þegar þörf krefur. Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötluð ungmenni og fullorðnir, sem búa í heimahúsum, skulu einnig eiga kost á skammtí mavistun með það markmið að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita hinum fötluðu tilbreytingu eða til undirbúnings flutnings úr foreldrahúsum.“

2. Er hlutverk / starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Starfsemin grundvallast í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38 / 2018.

3. Er hlutverk / starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Starfsemin er skilgreind nánar í reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtí mavölum nr. 1037 / 2018.

4. Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Nei.

5. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Skammtí madvalir á vegum Keðjunnar eru sex talsins. Nauðsynlegt væri að virkja eina til tvær til að sinna þeim börnum sem einhverra hluta vegna geta ekki verið á heimili sínu til langs tíma. Ef kemur til þjónustufalls innan þjónustustofnana (skóla, frístundar eða vinnustaða fatlaðra) geta skammtí madvalir þurft að koma á móts við fjölskyldur og aðstoða. Þetta krefst aukinnar mönnunar.

6. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Til lengri tíma væri aukið álag á fjölskyldur sem nýta sér þjónustuna en ekki veruleg áhrif ef til styttri stöðvunar kæmi. Mikilvægt er að fyrir hendi væri viðbragðaáætlun sem virkjar eina til tvær dvalir, sbr. spurningu 2, svo ekki verði of langt rof á þjónustu, að minnsta kosti fyrir hluta notendahópsins.

7. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Þolmörkin eru misjöfn á milli einstaklinga og fjölskyldna. Sumar skammtímadvalir eru lokaðar í 4–5 vikur á sumrin og þar liggja þolmörkin fyrir hluta hópsins. Aðrar skammtímadvalir geta ekki lokað vegna þjónustuþunga og þar eru þolmörkin 7 dagar. Ef til stöðnunar kæmi þyrfti að hafa a.m.k. eina dvöl opna til að koma á móts við þær fjölskyldur sem tilheyra seinni hópnum, þar sem langar lokanir yrðu erfiðar fyrir hluta hópsins.

8. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Gerð var sérstök áætlun vegna Covid-19 sem hægt er að nýta. Möguleg mótvægisáðgerð væri að veita þjónustu heima eða utankjarna en ef til verkfalls kæmi væru ekki starfsmenn í þá þjónustu nema með undanþágu. Sem dæmi um viðbragð gætu forstöðumenn þurft að forgangsraða innan skammtímadvala hvaða notendur þyrftu órofna þjónustu og hvaða notendur mættu missa úr dvalir.

9. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (aukin aðstoð frá sveitarfélagi, líkt og varaafli)

Það þyrfti að vera til áætlun um heimastuðning og utankjarnaþjónustu ef ekki er hægt að veita þjónustu inn á skammtímadvölum, t.d vegna bruna.

10. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Fimm eignir eru í eigu Félagsbústaða og gilda tryggingar Félagsbústaða um þær. Ein eign er leigð af eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og gilda tryggingar Reykjavíkurborgar um þá eign.

11. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Innan við sólarhringur.

12. Hverjar eru lágmarkskröfur sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Ekki er hægt að minnka þær kröfur sem eru gerðar til að gæta öryggis þjónustunotenda. Til eru reglur um lágmarksmönnun. Í þeim er gert ráð fyrir að þau börn sem geta verið heima séu send heim. Er það gert til að tryggja öryggi barnanna.

13. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof/fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Sú þjónusta sem er veitt af þriðja aðila er lögbundin skóla- og frístundþjónusta. Ekki eru gerðir neinir samningar þar um. Ef þjónustufall verður í skólum eða frístund þarf að auka þá þjónustu sem veitt er í skammtímadvölum.

14. Þekkja og skrá mikilvægar bjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Mikilvægar bjargir eru nauðsynlegur sjúkrabúnaður og lyf. Til dæmis sjúkrarúm, lyftur, sturtustólar, segl og sérútbúin baðkór. Gera þyrfti einstaklingaáætlanir sem nýtast ef óreyndir starfsmenn þurfa að sinna þjónustunotanda, svo hægt sé að þjónusta með viðunandi hætti.

15. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Þjónusta skammtímadvala er mikilvægur hluti af þjónustukeðju fjölskyldna barna með fötlun í Reykjavík. Flestar fjölskyldur berjast í bökkum við að halda daglegu lífi í jafnvægi. Komi til þjónusturofs hjá skammtímadvölum hefði það mikil áhrif og því er nauðsynlegt að tryggja að þessi þjónusta falli ekki niður til lengri tíma. 7–14 dagar er algjört hámark á flestum stöðum, eða hjá ákveðnum þjónustunotendum.

Á skammtímadvölum í dag er mikið af einstaklingum með flóknar og miklar stuðningsþarfir. Umönnun þeirra krefst fleiri handa en bara foreldranna.

Þjónustuþáttur: Þjónusta við heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuþarfir

1. Lýsing á starfsemi og hlutverki (er skilgreint í skjali)

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40 / 1991 er sveitarfélögum m.a. falið að bregðast við húsnæðisvanda íbúa þeirra. Sveitarfélögum ber því samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40 / 1991 og lögum um húsnæðismál nr. 44 / 1998 o.fl. að sinna málefnum heimilislausra. Stefna í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir og aðgerðaáætlun hennar byggir á framangreindum lögum og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt henni ber Reykjavíkurborg að tryggja þeim sem glíma við heilbrigðis- og félagsvanda aðgengi að þjónustu til jafns við aðra borgarbúa og að þjónustan sé án aðgreiningar.

Á Vesturmiðstöð er staðsett deild málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

Undir þeirri deild er starfrækt vettvangs- og ráðgjafarteymi (VOR-teymi). Vettvangs- og ráðgjafateymið hefur yfirsýn yfir stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir og vinnur að forvörnum með því að sinna gestum sem koma í neyðarskýli í samstarfi við ráðgjafa á öllum miðstöðvum borgarinnar. Auk þess sinnir VOR vettvangsstarfi og tilfallandi verkefnum sem upp koma varðandi markhóp þjónustunnar. Helstu verkefni VOR-teymisins eru að styðja einstaklinga sem tilheyra markhópi þjónustunnar við að halda heimili, m.a. á grundvelli hugmyndafræði Housing first (HF), vera málsvari þeirra þegar þeir óska eftir því, styðja þá við að tengjast öðrum stofnunum þegar þörf er á og veita stuðning við að sækja aðra þjónustu. Vettvangs- og ráðgjafateymið uppfyllir skilyrði ICM (Intensive Case Management) en auk þess hefur þjónusta VOR-teymis færst í hreyfanlegra form og sveigjanleiki aukist út frá þörfum hvers og eins einstaklings sem þiggur þjónustu.

2. Er hlutverk / starfsemi skilgreind í lögum og þá hvernig?

Sveitarfélögum ber samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 o.fl. að sinna málefnum heimilislausra.

3. Er hlutverk / starfsemi skilgreint í reglugerðum og þá hvernig?

Ekki tilgreint í reglugerðum en stefna í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir og aðgerðaáætlun hennar byggir á framangreindum lögum, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar en samkvæmt henni ber Reykjavíkurborg að tryggja þeim sem glíma við heilbrigðis- og félagsvanda aðgengi að þjónustu til jafns við aðra borgarbúa og að þjónustan sé án aðgreiningar.

4. Fellur hlutverkið/starfsemin undir ákveðna staðla?

Nei.

5. Hvað á að virkja (þjónusta, byggingar, mannvirki o.s.frv.)?

Stuðningur starfsfólks þarf alltaf að vera til staðar. Flest þjónusta innan málaflokks heimilislausra er veitt á sólarhringsgrundvelli, svo sem búsetuúrræði (heimili og áfangaheimili) og neyðarskýli, að undanskildu VoR-teyminu sem starfar frá klukkan 8–18.

6. Hver eru áhrifin verði truflun, til lengri eða styttri tíma eða stöðnun?

Mjög alvarleg áhrif á líf, heilsu og velferð einstaklinga sem glíma við heimilisleysi / reynslu af því að glíma við heimilisleysi.

7. Hvað þolir starfsemin stöðnun í langan tíma, mínútur, klukkustundir eða daga?

Starfsemin þolir enga stöðnun.

8. Eru til áætlanir um mótvægisáðgerðir, viðbragð?

Já, viðbragðsáætlanir eru til staðar vegna veðurs hjá neyðarskýlum og VoR-teymi. Allir starfsstaðir eru með viðbragðsáætlanir vegna Covid-19. Auðvelt er að aðlaga þessar áætlanir að öðrum tímabundnum mótvægisáðgerðum.

9. Þarf auka bjargir og þá hverjar? (aukin aðstoð frá sveitarfélagi, líkt og varaafli)

Í einhverjum tilvikum gæti þurft aðstoð vegna auka mannafla til afleysinga. Einnig þyrfti að virkja varaafli ef um væri að ræða rof á hitaveitukerfi.

10. Hvernig er tryggingum háttað? Yfir hvað ná þær?

Almennar tryggingar Reykjavíkurborgar. Nokkur húsnæðisúrræði eru í eigu Félagsbústaða og gilda tryggingar Félagsbústaða um eignirnar.

11. Hver er lágmarks mögulegi tíminn sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll?

Neyðarskýli og búsetuúrræði þurfa alltaf vera með órofna starfsemi. Lágmarks mögulegi tími sem þarf til að koma starfseminni í ásættanlegt horf að nýju eftir áföll hjá VoR teymi er einn sólarhringur.

12. Hverjar eru lágmarkskröfum sem til þarf til þess að endurreisa starfsemina í ásættanlegt horf?

Að tryggja viðeigandi mönnun.

13. Nýtir starfseiningin sér þjónustu þriðja aðila? Ef já, hvað er hægt að gera ef það verður þjónusturof / fall þar? Þarf að endurskoða samninga sem til eru við önnur fyrirtæki?

Nei, almennt eru notendur sjálfir í samskiptum við þriðja aðila en oft með aðstoð starfsfólks málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir. VoR-teymið notast við bíla og aðrar starfseiningar notast við aðkeypt aðföng. Allt væri hægt að tryggja með endurskoðun samninga við önnur fyrirtæki.

14. Þekkja og skrá mikilvægar þjargir, skrár, aðstöðu, búnað og önnur mikilvæg gögn.

Já, þær upplýsingar eru þekktar.

15. Er eitthvað annað sem þyrfti að koma fram?

Nei.

Tengiliðir við neyðarstjórn Reykjavíkurborgar

Tengiliðir eru aðilar í starfsemi sviðsins sem neyðarstjórn Reykjavíkurborgar þarf að geta verið í samskiptum við ef einhverskonar hættuástand skapast

Svið: Umhverfis- og skipulagssvið

Tengiliðir					
	Heiti starfseiningar	Nafn	Netfang	Farsími	Starfsheiti hjá sveitarfélaginu
1	Sviðsstjóri	Ólöf Örvarsdóttir	olof.orvarsdottir@reykjavik.is	6648444	Sviðsstjóri
2	Skrifstofa stjórnýslu og gæða	Glóey Helgudóttir Finnsdóttir	gloey.helgudottir.finnsdottir@reykjavik.is	8604466	Skrifstofustjóri
3	Skrifstofa fjármála	Hreinn Ólafsson	hreinn.olafsson@reykjavik.is	6937401	Fjármálastjóri
4	Skrifstofa mannauðsmála	Ásdís Ásbjörnsdóttir	asdis.asbjornsdottir@reykjavik.is	6955045	Mannauðsstjóri
5	Verkefnastofa	Eva Kristinsdóttir	eva.kristinsdottir@reykjavik.is	8684929	Skrifstofustjóri
6	Sorphirða Reykjavíkurborgar	Guðmundur B. Friðriksson	gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is	693-9600	Skrifstofustjóri
7	Sorphirða Reykjavíkurborgar	Atli Ómarsson	atli.omarsson@reykjavik.is	411-8236	Deildarstjóri sorphirðu
8	Framkvæmdir og viðhald	Ámundi V. Brynjólfsson	amundi.v.brynjolfsson@reykjavik.is	693-7420	Skrifstofustjóri
9	Rekstur og umhirða	Hjalti J. Guðmundsson	hjalti.johannes.gudmundsson@reykjavik.is	693-2500	Skrifstofustjóri
10	Heilbrigðiseftirlit	Rósa Magnúsdóttir	rosa.magnusdottir@reykjavik.is	693-9650	Umhverfiseftirlit
11	Heilbrigðiseftirlit	Óskar Ísfeld Sigurðsson	oskar.isfeld.sigurdsson	693-9660	Matvælaeftirlit
12	Umferðarljósastýring, bakvakt			693-2193	
13	Byggingarfulltrúi	Brynjar Þór Jónasson	brynjar.thor.jonasson@reykjavik.is	665-0181	Byggingarfulltrúi
14	Skipulagsfulltrúi	Björn Axelsson	bjorn.axelsson@reykjavik.is	696-0196	Skipulagsfulltrúi
15	Samgöngustjóri og borgarhönnun	Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir	gudbjorg.lilja.erlendsdottir@reykjavik.is	899-3977	Samgöngustjóri
16	Þjónusta og samskipti	Halldóra Traustadóttir	halldora.traustadottir@reykjavik.is	844-4605	Skrifstofustjóri

Lykilaðilar umhverfis- og skipulagssviðs

Yfirlit yfir lykilaðila hversrar starfseiningar sviðsin sem gott er að eiga ef einhverskonar hættuástand skapast.

Starfsstaðir umhverfis og skipulagssviðs				
	Nafn starfsstaðar	Heimilisfang	Póstnúmer	Símanúmer
	Skrifstofur USK Borgartúni	Borgartúni 12-14	105	411 1111
1	Heilbrigðiseftirlit	Borgartúni 12-14	105	411 1111
2	Umhverfisgæði	Borgartúni 12-14	105	411 1111
3	Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	Borgartúni 12-14	105	411 1111
4	Skrifstofa borgarlandsins	Borgartúni 12-14	105	411 1111
5	Samgöngustjóri og borgarhönnun	Borgartúni 12-14	105	411 1111
6	Bílastæðasjóður	Borgartúni 12-14	105	411 1111
7	Skipulagsfulltrúi	Borgartúni 12-14	105	411 1111
8	Byggingarfulltrúi	Borgartúni 12-14	105	411 1111
9	Skrifstofa stjórnýslu og gæða	Borgartúni 12-14	105	411 1111
10	Skrifstofa mannauðsmála	Borgartúni 12-14	105	411 1111
11	Verkefnastofa	Borgartúni 12-14	105	411 1111
12	Skrifstofa fjármála	Borgartúni 12-14	105	411 1111
13	Skrifstofa þjónustu og samskipta	Borgartúni 12-14	105	411 1111

		Útstöðvar		
10	Þjónustumiðstöð borgarlandsins	Svarthöfða 1	110	411 8450
11	Sorphirðan	Svarthöfða 1	110	411 1111
12	Meindýravarnir	Svarthöfða 1	110	693 9620
13	Hverfastöð austur	Við Jafnasel	109	411 8440
14	Hverfastöð vestur	Fiskislóð 37c (áður Njarðargata)	101	411 8420
15	Hverfastöðin Kjalarnesi	Við Vallargrund	116	411 8480
16	Ræktunarstöðin	Við Fossvog	108	411 8640
17	Verkbækistöð I	Klambatúni	105	411 8610
18	Verkbækistöð II - Árbæjarbletti	Rafstöðvarvegur	110	411 8620
19	Verkbækistöð III - Borgargarðar við Laugardal	Aðkoma frá Sunnuvegi	104	411 8630
20	Grasagarðurinn	Laugardal við Engjaveg	104	411 8650

Lykilaðilar umhverfis- og skipulagssviðs					
	Nafn	Starfsstaður	Starfsheiti	Farsími	Tölvupóstur
1	Ólöf Örvarsdóttir	Borgartún 12-14	Sviðsstjóri	664 8444	olof.orvarsdottir@reykjavik.is
2	Glóey Helgudóttir Finnsdóttir	Borgartún 12-14	Skrifstofustjóri, staðgengill sviðsstjóra	860 4466	gloey.helgudottir.finnsdottir@reykjavik.is

3	Auðun Helgason	Borgartún 12-14	Deildarstjóri lögfræðiþjónustu	659 0446	audun.helgason@reykjavik.is
4	Anna Rósa Böðvarsdóttir	Borgartún 12-14	Gæðastjóri	693 9678	anna.r.bodvarsdottir@reykjavik.is
5	Björgvin Rafn Sigurðarson	Borgartún 12-14	Deildarstjóri eftirlitsdeildar	861 9064	bjorgvin.rafn.sigurdarson@reykjavik.is
6	Ásdís Ásbjörnsdóttir	Borgartún 12-14	Mannauðsstjóri	695 5045	asdis.asbjornsdottir@reykjavik.is
7	Steinunn Rögnvaldsdóttir	Borgartún 12-14	deildarstjóri mannauðsmála	847 5601	steinunn.rognvaldsdottir@reykjavik.is
8	Jörgen Heiðar Þormóðsson	Borgartún 12-14	Teymisstjóri landupplýsinga	693 2509	jorgen.heidar.thormodsson@reykjavik.is
9	Halldóra Traustadóttir	Borgartún 12-14	Skrifstofustjóri þjónustu og samskipta	844 4605	halldora.traustadottir@reykjavik.is
10	Tómas Guðberg Gíslason	Borgartún 12-14	Framkvæmdastjóri HER	693 6712	tomas.gudberg.gislason@reykjavik.is
11	Rósa Magnúsdóttir	Borgartún 12-14	Deildarstjóri umhverfiseftirlits	693 9650	rosa.magnusdottir@reykjavik.is
12	Óskar Ísfeld Sigurðsson	Borgartún 12-14	Deildarstjóri matvælaeftirlits	693 9660	oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is
13	Guðmundur B. Friðriksson	Borgartún 12-14	Skrifstofustjóri umhverfisgæða	693 9600	gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is
14	Þórolfur Jónsson	Borgartún 12-14	Deildarstjóri náttúru og garða	693 2328	thorolfur.jonsson@reykjavik.is
15	Ámundi V Brynjólfsson	Borgartún 12-14	Skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds	693 7420	amundi.v.brynjolfsson@reykjavik.is
16	Rúnar Ingi Guðjónsson	Borgartún 12-14	Deildarstjóri: Fasteignir - viðhald	891 9231	runar.ingi.gudjonsson@reykjavik.is
17	Ósk Soffía Valtýsdóttir	Borgartún 12-14	Deildarstjóri: Fasteignir - nýbygging	411 8129	osk.soffia.valtysdottir@reykjavik.is
18	Ólafur Ólafsson	Borgartún 12-14	Deildarstjóri: Götur, lóðir, opin svæði	693 2525	olafur.olafsson@reykjavik.is
19	Hjalti J. Guðmundsson	Borgartún 12-14	Skrifstofustjóri rekstur og umhirðu	693 2500	hjalti.johannes.gudmundsson@reykjavik.is
20	Arnar Þór Hjaltsted	Borgartún 12-14	Yfirverkfræðingur leyfisveitinga	695 4616	arnar.thor.hjaltsted@reykjavik.is
21	Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir	Borgartún 12-14	Samgöngustjóri	664-6579	gudbjorg.lilja.erlendsdottir@reykjavik.is
22	Edda Ívarsdóttir	Borgartún 12-14	Deildarstjóri borgarhönnunar	411 3008	edda.ivarsdottir@reykjavik.is
23	Rakel Elíasdóttir	Borgartún 12-14	Deildarstjóri reksturs Bílastæðasjóðs	411 3405	rakel.eliasdottir@reykjavik.is
24	Björn Axelsson	Borgartún 12-14	Skipulagsfulltrúi	696 0196	bjorn.axelsson@reykjavik.is
25	Brynjar Þór Jónasson	Borgartún 12-14	Byggingarfulltrúi	6650181	brynjar.thor.jonasson@reykjavik.is
26	Björn Ingvarsson	Stórhöfða 9	Deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar og hverfastöð	693 2919	bjorn.ingvarsson@reykjavik.is
